

FW: Ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins - verklagsreglur, þjóðarsáttmáli gegn einelti, fagráð gegn einelti og fleira.

**Til** : Guðrún Guðmundsdóttir  
**Frá** : Magnús Baldursson  
**Heiti** : FW: Ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins - verklagsreglur, þjóðarsáttmáli gegn einelti, fagráð gegn einelti og fleira.  
**Málsnúmer** : 0901064  
**Málsaðili** : Menntamálaráðuneyti  
**Skráð dags** : 31.10.2012 17:12:55  
**Höfundur** : Magnús Baldursson

---

**From:** Svandís Ingimundardóttir [mailto:svandis.ingimundardottir@samband.is]

**Sent:** 29. október 2012 14:35

**Subject:** Ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins - verklagsreglur, þjóðarsáttmáli gegn einelti, fagráð gegn einelti og fleira.

Sent skólanefndum, skólaskrifstofum og skólum utan skólaskrifstofum til upplýsingar að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins - verklagsreglur, þjóðarsáttmáli gegn einelti, fagráð gegn einelti og fleira.**

Til grunnskóla, skólaskrifstofa, skólanefnda, skólaráða og ýmissa hagsmunaaðila.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti gaf út í október 2011 [reglugerð nr. 1040/2011](#) um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Hún tekur til réttinda og skyldna aðila skólasamfélagsins í allri starfsemi á vegum skóla, skólabrags, samskipta í skóla, skólareglna og málsmeðferðar vegna brota á þeim. Unnið hefur verið að innleiðingu reglugerðarinnar og m.a. settar ýmsar verklagsreglur og leiðbeiningar, bæði af hálfu ráðuneytisins og sveitarfélaga. Vakin er athygli á frétt sem nýlega var birt á heimasíðu ráðuneytisins með samantekt um slíkt, sjá nánar á þessari vefslóð <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/forsidugreinar/nr/7113>.

Í framangreindri reglugerð er í fyrsta sinn sett sérstakt ákvæði um fagráð í eineltismálum sem formlega var sett á laggirnar í mars sl. og kynnt fyrir skólasamfélaginu með frétt á heimasíðu ráðuneytisins, sjá <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6724>.

Í fagráðinu eru Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir náms- og starfsráðgjafi, Páll Ólafsson félagsráðgjafi sem jafnframt er formaður ráðsins og Þórkatla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur. Fagráðið hefur nú útbúið sérstakt eyðublað um vísun mála til ráðsins og er það aðgengilegt á heimasíðunni [www.gegneinelti.is](http://www.gegneinelti.is), sjá eyðublaðið: <http://www.gegneinelti.is/fagraid/visun-mals?CacheRefresh=1>

Fagráðið væntir þess að með eyðublaðinu verði auðveldara fyrir skólastjóra og foreldra að senda mál til fagráðsins, en þangað eiga ekki erindi önnur mál en þau sem ekki hefur náðst að leysa innan skóla eða sveitarfélags þrátt fyrir aðkomu allra hlutaðeigandi aðila í heimabyggð. Öll mál sem send verða til fagráðsins með hjálögðu eyðublaði verða skoðuð og metin og síðan tekin fyrir í fagráði að uppfylltum

skilyrðum um málsmeðferð eða frekari gagna aflað. Hægt er að senda viðbótargögn vegna mála á netfangið [gegneinelti@gegneinelti.is](mailto:gegneinelti@gegneinelti.is) Fagraðið mun síðan afgreiða öll erindi eins fljótt og auðið er í samræmi við eðli máls.

Þann 8. nóvember nk. verður í annað sinn haldinn sérstakur baráttudagur gegn einelti, sjá nánar frétt: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/7054>. Ráðuneytið vill hvetja alla til að veita þessum degi sérstaka athygli og leggja þannig sitt af mörkum í þágu baráttunnar gegn einelti. Á vefsíðunni [www.gegneinelti.is](http://www.gegneinelti.is) er hægt að skrifa undir þjóðarsáttmála gegn einelti og beinir ráðuneytið því sérstaklega til allra aðila skólasamfélagsins að nýta tímann fram að baráttudeginum og sérstaklega daginn sjálfan til að hvetja alla til að skrifa undir sáttmálann og taka efni hans til umfjöllunar með viðeigandi hætti.

Ráðuneytið fer þess vinsamlega á leit við alla viðtakendur þessa póstis að koma upplýsingunum á framfæri sem víðast.

Með kveðju  
Guðni Olgeirsson

-----  
Erla Ósk Guðjónsdóttir stjórnarráðsfulltrúi / Secretary /Fuldmægtig  
Skrifstofa menntamála / Department of Education / Afdeling for uddannelse  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Ministry of Education, Science and Culture /  
Undervisnings-, forsknings- og kulturministeriet  
Sölvhólgötu 4, IS-150 Reykjavík  
Sími/Tel. ( 354) 545 9500, fax ( 354) 562 3068  
[menntamalaraduneyti.is](http://menntamalaraduneyti.is)

-----  
Erla Ósk Guðjónsdóttir stjórnarráðsfulltrúi / Secretary /Fuldmægtig  
Skrifstofa menntamála / Department of Education / Afdeling for uddannelse  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið / Ministry of Education, Science and Culture / Undervisnings-, forsknings- og kulturministeriet  
Sölvhólgötu 4, IS-150 Reykjavík  
Sími/Tel. ( 354) 545 9500, fax ( 354) 562 3068  
[menntamalaraduneyti.is](http://menntamalaraduneyti.is)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)